

Garðar Jónsson.

STARFSKYRSLA FYRIR ÁRIÐ

1972.

Suðurlandsumdæmi.

L. Veðurfar ársins:

Veturinn frá áramótum var sérstaklega mildur. Janúarmánuður var sérlega úrkomusamur, en mest var það rigning sem úr loftinu kom og um mánaðarmótin jan-feb. var jörð algjörlega klakalaus og trúi ég því, að það sé einsdæmi á miðjum þorra að svo sé. Sama má segja um febrúar og marz, þeir voru mildir, þó komu einstöku frost-dagar, en ekki það að klaki kæmi í jörðu. Síðast á Góu voru runnar og blóm í gördum býrjuð að lifna (20 marz). Í Apríl kom nokkrum sinnum næturfrost og mest varð það 8. apríl; mínus 8 gráður. Maí og júní voru hagstæðir og júlí mánuður úrkomusamur eins og áður segir. Ágúst-mánuður var frekar kaldur og fyrstu dagana í ágúst gerði næturforst, svo að nokkuð víða féllu kartöflugrös í gördum. Á öðrum gróðri sá ekki. Haustið og veturinn til áramóta verður að telja hagstætt.

Vinnuveður verð ég að telja gott allt árið.

Á undanförunum árum hef ég gert mér það til dundurs að mæla klaka í jörðu á ýmsum tímum vetrarins, sérstaklega á útmánuðum. Á árinu 1972 var slíkt ekki mögulegt; því að aldrei kom klaki í jörð svo teljandi væri.

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs:

A. Laufgun og lauffall. Laufgun tel ég að hafi verið 28. maí, þó voru tré og runnar í gördum laufguð fyrr.
- Lauffall varð 22. september.

B. Vöxtur. Þegar á heildina er litið, tál ég að vöxtur hafi verið góður. Þó var vöxtur misjafn á hinum ýmsu trjá-
fegundum. Vöxtur á sitkagreni og stafafuru var mjög góður, en á rauðgreni í lakara lagi. Sérstaklega vil ég geta um góðan ársvöxt á sitkagreni í Þjórsárdal, sem aldrei hefur verið annar eins og í sumar. Má það vafa-
laust þakka mikilli úrkomu í júlí mánuði.

C. Fræfall. Birkifræ var ekki mikið hér á Suðurlandi í haust. Þó var hægt að reita svolítið á stöku stað af Bæjarstaðastofni. Í Þjórsárdal og Skarfanesi var tölu-
vert af fræi, en aðallega á ljótum trjám og var því ekki safnað neinu af því.

D. Skaðar á trjám. Sitkalús gerði vart við sig í Vík í Mýrdal og varð af því nokkur skaði, aðallega vegna þess hve lítið er um sitkagreni á því svæði. Lúsin var aðeins á takmörkuðu svæði, það er að segja í Vík og í Mýrdalnum. Ekkert bar á henni annarsstaðar t.d. í Gjögrunum. Lús og Maður var að öðru leiti lítill og hvergi sem maður getur talið til skaða.

3. Starfsfólk á árinu.

	J	F	M	A	M	J	J	A	S	O	N	D	sa m t.
Karlar	1	1	1	1	2	14	5	5	6	3	5	2	45
Konur						1	1	1	1				4
	1	1	1	1	2	15	6	6	7	3	5	2	49

Allar kaupgreiðslur til þessa fólks á árinu 1972 frá Skógrækt Ríkisins urðu: (Samþerilegar tölur frá árinu 1971 innan sviga) kr.896.138.- (623.149.-).

Þar af voru greiddar í sparimerki kr 50.284.- (55.673.-).

- Í lífeyrissjóð verkafélagsfélaganna á Suðurlandi greiddi starfsfólkið kr. 18.233.- (9.440.-). Þar á móti greiddi Skógrækt Ríkisins kr. 27.350.- (14.160.-) í lífeyris-sjóðinn.

Á mánuði skiptast kaupgreiðslurnar þannig;

Júní kr. 198.253.- (109.922.-)

Júlí kr. 149.491.- (142.939.-)

Ágúst kr. 155.135.- (135.650.-)

Sept - kr. 253.585.- (120.977.-)

Okt.
Nóv - kr. 139.674,- (113.662.-)

Des.
sa~~m~~t. 896.138.- (623.149.-)

Tryggingarskildar vinnustundir voru 4798 (4429).

Hjá vikukaupsfólki 28 (21) vikur.

Matreiðsludagar ráðskonu voru 59, en alls voru greiddir matarpeningar í 370 daga eða kr. 62.900.-

- Að jafnaði voru unnar 40 stundir í dagvinnu og 10 í eftirvinnu. Ekkert var unnið á laugardögum. Umsjónarmenn unnu um helgar en fengu í staðinn frídaga í miðri viku.

4. Girðingar.

A. Viðhald.

Reykjahjáleiga. Seinustu daga maimánaðar var girðingin lagfærð eftir veturinn. Vegna hins góða vetrar var hún í sémilegu ástandi og þurfti litlar lagfæringar, nema á Reykjafjallsbrúnunum þar sem hún gefur sig á hverju ári, einnig þurfti á stöku stað að lagfæra neðsta gaddavirsstreng.

Haukadalur. Eins og undanfarin ár sá Greipur Sigurðsson um viðhald og endurbætur á girðingunni. Vegna hagstæðrar veðráttu var verkið framkvæmt í aprílmánuði. Eftir því sem ég best veit er girðingin í sémilega góðu lagi, þó voru oft nokkrar kindur í henni í sumar.

Laugarvatn. Pálmi Pálsson á Hjálmsstöðum sá um viðhald og smörlun á girðingunni eins og undanfarin ár. Um girðinguna er lítið hægt að segja, nema í stórum dráttum er hún ónýtt og ekki batnaði ástandið á henni um verzlunarmannahelgina í sumar þar sem óður skráll bráut hana niður á 600 - 8000 metra kafla og ekkert var hægt að gera annað en að fjarlægja sliturnar.

Skarfanæs. Eins og undanfarin ár sá Arni Arnason í Klofa á Landi um viðhald á girðingunni. Í vor var endurgirtur 1,5 km kaflinn á henni frá Þjórsá á móts við Bringur og upp með ánni. Þessi kaflinn var orðinn gjörónýttur vegna þess hversu mikið sandfok er á þessu svæði. Árna hefur tekist að halda girðingunni fjárlausri vonum framur þótt léleg væri. Vona ég að nú gangi það vel í framtíðinni með bættri girðingu.

Þórsmörk. 5. júní var farið inneftir til viðgerða á girðingunni. Þegar við komum inneftir til viðgerðanna reiknaði ég með að Eyfellingar væru ekki farnir að reka fé á afrétt svo snemma sumars, en raunin varð önnur. Vetrunga voru þeir komnir með innúr og það má hamingjan vita hvenær þeir fara með þessar djöfuls skjátur sínar,

til þess að vera vissir um að þær komist inn í Þórsmörkurgirðinguna. Annars skiptir það ekki máli, þeir hafa ráð með að vísa skjátunum leið inn í girðinguna hvenær sem er sumar. Að venju þurfti að gera mikið við girðinguna á Krossáraurunum, í Hvannárgljúfri og innst í Svínatungum. - Tvisvar var girðingin smöluð í sumar, en það var eins og að bera vatn í hripum að standa í slíku, því skjáturnar komu svo að segja jafnharðan inn í girðinguna aftur, enda eiga þær góða húsbændur. Tímabært er að öllu óbreyttu, að hafa það góða vörslu á Þórsmörk að horfella verði á Almenninum næstu tvö árin. Hvað sem um slæma vörslu á Þórsmörk má segja, þá hefur gróðri tvímælalaust farið þar fram og þó sérstaklega í Goðalandi.

Þjórsárdalur. Að viðgerð Þjórsárdalsgirðingar var byrjað að vinna um miðjan maí. Lausagirðing hafði þá verið sett í Þjórsá undir Bringum. Eins og á síðastliðnu ári sá Landsvirkjun um viðhald á girðingunni frá Háafossi að Þjórsá við Sandafell. Þjórsárdalsgirðingin er að miklum hluta orðin gömul, en henni hefur verið sæmiliga vel við haldið, svo að ég held að lengi megi enn tjasla við hana með smávegis endurbótum á hverju ári.

- Umsjónarmaður Baldur Garðarsson var í Þjórsárdal í sumar og vann hann mikið og gott verk með eftilíti á girðingunni og hliðum, eins var hann fljótur að koma kándum út, komust þær inn í girðinguna. Vonandi verður hægt að fá hann næsta sumar aftur til starfa.

5. Gróðursetning:

A. Áætlun - undirbúningur.

A starfsmannafundinum í vetur var áætlað að gróðursetja í Þjórsárdal, Reykjahjáleigu, Hlíðargirðingu í Skáftártungu, Kirkjubæjarklaustri og Ölvesholti, samtals 26 þúsund plöntur. Vegna plöntuskorts komust ekki nema rúmlega 23 þúsund plöntur í jörðina. Gróðursett var í Reykjahjáleigu af nemum úr Garðyrkjuskólanum dagana 10 - 12 júní, í Þjórsárdal 12 - 16 júní, í Hlíðargirðingu í Skáftártungu 19 - 23 júní, Kirkjubæjarklaustri 24 - 30 júní. Í Ölvesholti gróðursettu synir Benjamíns Eiríksonar plönturnar og fengu þær uppeftir 25 máí.

- Allar plöntur komu úr kæli á Tumastöðum og eftir fyrsta sumar þá virðist sem kaldar plöntur ætli að gefa mjög góða raun.

- Gróðursetningarnar á hverjum stað verða eftirleiðis færðar inn á kort og spjaldskrá.

B. Gróðursetningar hjá Skógrækt Ríkisins

Tafla yfir tegundir og kvæmi ofl. plantað 1972.

<u>Staður</u>	<u>Tegund</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Aldur</u>	<u>Fjöld</u>	<u>Gr.st.</u>
Þjórsárdalur	Rauðgreni	Trysil	2/3	5.500 ✓	T.
Reykjahjáleiga	Sitkagr.	Kodiak	3/3	2.000 ✓	T
"	Stafafura	Skagway	2/2	4.000 ✓	T
Hlíðargirðing	Stafafura	Skagway	2/2	4.500 ✓	T
"	Rauðgreni	Trysil	2/3	250 ✓	T
Kirkjub.kl.	Sitkagr.	Kodiak	3/3	2.100 ✓	T
"	Sitkagreni	Seward	2/3	2.425 ✓	T
"R	Rauðgreni	Trysil	2/3	250 ✓	T
Ölvesholt	Stafafura	Skagway	2/2	1.000 ✓	T
Tumastaðir	Stafafura	Skagway	2/2	150 ✓	T

samt. 23.175

C. Gróðursetning hjá Skógræktarfélagunum.

Skógræktarfélag Arn.

Snæfokstaðir	Stafafura	Skagway	2/2	8.900	T
"	Sitkagr.	Seward	3/3	800	T
"	Rauðgreni	Lewanger	2/2	5.000	F
"	Lerki	Geitagerði	2/0	5.100	V
Hvergerðingar	Lerki	Geitagerði	2/0	1.000	V
Selfoss	Lerki	Geitagerði	2/0	1.500	V
Sandvíkurhr.	Sitkagr.	Kodiak	3/3	100	T
"	Stafafura	Skagway	2/2	200	T
"	Lerki	Geitagerði	2/0	300	V
^a Gulverjar	Stafafura	Skagway	2/2	50	T
"	Sitkagreni	Kodiak	3/3	200	T
"	Lerki	Geitagerði	2/0	100	V
				<hr/>	
				23.250	

Skógræktarfélag Rang.

Sitkagreni	Kodiak	3/3	2.500	T	
Stafafura	Skagway	2/2	2.200	T	
				<hr/>	
				4.700	

Skógræktarfélag Mýrdælinga.

Sitkagreni	Cordova	2/3	2.300	T	
Stafafura	Skagway	2/2	1.000	T	
				<hr/>	
				3.300	

6. Hirðing:

A. Hreinsun. Grisjað var og hreinsað frá gróðursetningum í Þjórsárdal. Byrjað var vestast í Lambaholtinu og haldið inn með Sandá. Þetta er svæðið sem Ásgeir Long kallaði á sínum tíma kartöflugarðinn. Á þessu svæði er svo til eingöngu rauðgreni, gróðursett 1964. Einnig er í Lambaholtsgilinu smávegis af Marþöll og Fjallapöll, sem á sínum tíma var gróðursett í skóginn ógrisjaðan og eru nú orðnar ansi fallegar plöntur, hæð allt að 1,5 m.

- Í Selhöfðum var grisjað frá Sitkagreninu í brekkunum upp af Sandá, (austurhlíðar)ljómandi fallegum trjám, sem ég er að verða stoltur af að sýna þeim sem vit hafa á góðum ársvexti.

- Fyrsta gróðursetningin vestan í Selhöfðum sem Vigfús Jakobsson gróðursetti á sínum tíma (1949), var einnig hreinsuð og þriffin að nokkru leiti.

Í Haukadal var ekki hreinsað á neinu sérstöku svæði, en umsjónarmaður fór vítt og breitt um gróðursetningarnar þar og bjargaði toppum, þar sem birkikjarrið var til skaða.

B. Áburðargjöf. Skammarlega lítið var borið á plöntur í sumar, þó var áburði dreift áð plöntum í Lambaholtinu í Þjórsárdal um leið og hreinsað var frá þeim. Einnig í gróðursetningu í Hvammsárdal frá 1969.

- Í Haukadal var borið að plöntum fyrir austan Svartagil, samtals úr 9 pokum. Allar plöntur sem fengu áburð tóku vel við sér og sérstaklega er eftirtektarvert hversu litarbreiting er áberandi til batnaðar á þeim plöntum sem borið er á. Á hverju ári ætlar maður að gera stóra hluti í að berá á plöntur, en sorglega lítið verður úr góðum vetrarákvörðunum.

C. Grisjun. Í október og nóvember í haust var grisjaður rúmur hektari í Langadal sem liggur í norðaustur frá Ásólfstaðabæjunum, Brekkan veit mót suð vestri og væri góð til gróðursetningar á sitkagreni og jafnvel þöll, á næsta vori, ef til verður.

7. Ýmislegt.

A. Jólatrié. Fyrir jólin voru tekin jólatrié, bæði í Þjórsárdal og Haukadal, í stærðum frá 0,70 - 5,00 m. Samtals voru tekin 645 tré og seld fyrir kr. 169.020,-. Til jafnaðar verða það rúmar kr. 262,- fyrir hvert tré. Í fyrra var jafnaðarverðið kr 265,-, en í ár var tekið meira af minni trjám og þrátt fyrir mun herra verð á jóla-trjám þá lækkar meðalverðið.

B. Ferðafólk. Eins og undanfarin á var mikill ferðamannastraumur í Þórsmörk og í Þjórsárdal. Í Þórsmörk var ekki umsjónarmaður frá Skógræktinni, en notast að nokkur leiti við umsjónarmann Ferðafélags Íslands í Langadal. Það gafst ekki vel, en frekar held ég að um megi kenna starfsmanni, heldur en að starfið geti ekki samrýmt.

- Í Þjórsárdal var aftur á móti umsjónarmaður sem greidd voru laun af Landsvirkjunum að 4/9 hlutum, Skógræktinni að 3/9, og Gnúpverjahreppi að 2/9 hlutum. Þetta var maður sem kunnir sitt handverk og vann af samvizkusemi.

- Þjórsárdal tel ég tvímælalaust til fyrirmyndar að því er ferðafólk snertir, þrátt fyrir að ýmislegt vantar svo að betri aðstaða verði fyrir dvalargesti s.s. salerni, fleiri ruslagrýndur og fleiri tjaldstæði.

- Sama má segja um Þórsmörk. Þar væri æskilegt að bæta aðstöðuna á ýmsan hátt ef fjárhagur væri fyrir hendi.

C. Þjórsárdalsnefnd. Nefndin starfaði eins og undanfarin ár og lét ýmis mál er varðar Þjórsárdal til sín taka. Fornbær í Þjórsárdal var mikið til umræðu og er nefndin þegar búin að benda á stað sem hún telur heppilegan ef af byggingu yrði. Sá staður er í nánd við þar sem gamli Skeljastaðabærinn hefur staðið. Rætt var um að koma göngu-brú á Rauða niður af Stöng, einnig að bæta þar aðstöðu vegna tjaldstæða með salerni ofl.

- Rætt hefur verið um veiðimál í Þjórsárdal og er nefndin hlynt því að viðkomandi aðilar þ.e. Skógræktin, Landsvirkjun Gnúpverjahreppur og núverandi veiðileigjendur komi sér saman um lausn þeirra mála.

Nefndin hefur áhuga á að gefa út smekklegan bækling um Þjórsárdal á árinu 1974 vegna lloo ára afmælis Íslandsbyggðar.


- Uppgræðsla umhverfis sundlaugina við Reykholt er komin vel á veg og er orðið mjög vinallegt í og við hana.

D. Fundarhöld og eftirlitsferðir. 28.feb. - 1.marz sat ég árlegan fund skógræktarstjóra og skógarvarða í Reykjavík. Þar voru rædd fjármál og starfsáætlun Skógræktar Ríkisins fyrir árið 1972.

- Yfir sumarið voru farnar margar ferðir í skóglendi Skógræktar Ríkisins í Þjórsárdal, Haukadal, Skarfanés, Þórsmörk, Kirkjubæjarklaustur og Hlíðargirðingu í Skáftárturngu, vegna framkvæmda og eftirlits á þeim stöðum. Einnig ferðir í girðingar Skógræktarfélaganna í mínu undæmi.

- 25 -27.ágúst sat ég aðalfund Skógræktarfélags Íslands á Höfn í Hornafirði. Eftir þann fund fóru starfsmenn Skógræktar Ríkisins mjög fróðlega og ánægjulega ferð að Hallormstað, þar sem rædd voru ýmis fagleg mál starfsseminnar.

Selfossi 31/12 1972.


Garðar Jónsson

Verkfæratatning

Hjá Garðari Jónssyni. Gerð í desember 1972.

1. Vörubifreið L-233. Thames Trader árg 1963.
1. Jeppabifreið x-139. M.A.Z. árg. 1969.
1. Jarðýta T.D.6 Gómul.
1. Jeppakerra.
3. Kjarrsagir. (auk þess ein hjá Greipi Sigurðsni).
1. Öxi
11. Sniðlar.
17. Bjúgskóflur.
6. Plöntuhakar.
15. Skógarklippur.
2. Skógarklippur stórar (djöflakjaftar).
3. Stunguskóflur.
1. Stunguskófluskaft.
3. Malarskóflur.
2. Járnkarlar.
3. Sleggjur.
1. Keðjustrekkjari (Girðingartalía) með kjafti.
1. Handstrekkjari.
3. Hamrar.
3. Naglbítar.
2. Bogasagir.
1. Gróðursetningaröxi.
3. Hrífur.
15. Plöntupokar.
1. Sáningarkanna.
3. Benzinbrúsar 20 l.
4. Lampar á gaskúta.
2. Gaskútar litlir.
2. Eldunarhausar (gas)
2. Gastengi.

Matar og eldunaráhöld fyrir lo manna flokk, sem bætt er í og haldið við á hverju ári.

Selfossi 31/12. 1972.

Garðar Jónsson